

Starfsemi ósamrýmanleg embættinu.

Héraðslæknirinn má ekki taka að sér neinskonar ráðunauts- eða heilbrigðis-
eftirlitsstörf fyrir einstök atvinnufyrirtæki, né yfirleitt þvilík störf, er ætla má, að
komið geti í bága við þau trúnaðarstörf, er hann annast fyrir hið opinbera.

Erindisbréf héraðslækna.

Að öðru leyti gilda um starfsemi héraðslæknisins ákvæði í Erindisbréfi hér-
aðslækna frá 26. júní 1934, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

Aukagreiðslur.

Ríkið greiðir ekki héraðslækninum sérstaklega fyrir embættisstörf hans sam-
kvæmt þessu erindisbréfi nema sérstaklega sé ákveðið í lögum, né heldur ber hon-
um, án sérstakra fyrir mæla í lögum, þóknun fyrir vottorð, gefin í embættis nafni
til afnota fyrir hið opinbera.

Skrifstofuhald.

Ríkið greiðir að hálfu á móti bæjarsjóði Akureyrar kostnað við skrifstofuhald
héraðslæknisins, enda náist samningar við kaupstaðinn um tilhögun skrifstofu-
haldsins, og fari kostnaðurinn ekki fram úr umsömdu hámarki.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 19. ágúst 1938.

Skúli Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð frá 29. júní 1938, um mat á matjessíld
og skozkverkaðri síld.**

Aftan við 2. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein svo hljóðandi:
Ef síldarútvegsnefnd óskar, er matstjóra heimilt við mat á síld veiddri á árinu
1938 að brennimerkja ekki síldartunnurnar með gæðaflokksmerkjum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 11. júní 1938 til
þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga
að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. ágúst 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.